

Greinargerð.

Lögin um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, byggjast á þeirri hugsun, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls og að þeir fari þar með fulla lögsögu og yfirráð. Hafa reglugerðir um útfærslu landhelginnar verið settar með skirskotun til þeirra laga, svo sem kunnugt er. En þó að það sé sjálfsgagt réttlætismál í augum Íslendinga, að landgrunnið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með talin fiskimið á landgrunninu, tilheyrir Íslandi, hefur sú regla, að strandríki hafi einkarétt til fiskimiða landgrunns þess, ekki enn náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla. Það hefur Alþingi verið ljóst. Hinn 5. maí 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun um landhelgismál:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenskri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalts, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.“

Þessi þingsályktunartillaga var flutt af utanríkismálanefnd og samþykkt samhljóða á Alþingi.

Eins og ljóst er af henni, telur Alþingi, að Ísland eigi ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. að sú landhelgisákvörðun sé í fullu samræmi við þjóðréttarreglur, svo sem nú mun raunar almennt viðurkennt. En jafnframt lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, „að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.“ Í þessari viljayfirlýsingu Alþingis felst auðvitað áskorun til ríkisstjórnarinnar um að reyna að afla þeirrar viðurkenningar.

Í samningnum við Breta um lausn fiskveiðideilunnar frá 1961, sbr. auglýsingu nr. 4/1961, segir svo: „Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og risi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.“

Hér áskilja Íslendingar sér að visu rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort heldur er til landgrunnsins alls eða tiltekinnar svæða þess, svo sem stefnt var að með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og landgrunnslögunum frá 1948, en báðir sammingsaðilar skuldbinda sig til að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um lögmati útfærslunnar, ef til ágreinings skyldi um hana koma.

Ljóst er af þessu, að möguleikar Íslendinga til frekari landhelgisútfærslu og til friðunaraðgerða á landgrunninu eru mjög komnir undir því, hver þróun þjóðréttarreglna verður á þessu sviði. Skiptir því miklu, að fylgzt sé sem allra bezt með réttarþróuninni í þessum efnun og reynt sé með öllum tiltækum ráðum að stuðla að hagstæðri réttarþróun. En á því leikur enginn vafi, að á undanförunum árum hefur þróun þjóðréttarreglna um landhelgi verið okkur Íslendingum hagstæð, bæði um víðáttu eiginlegrar fiskveiðilandhelgi og um rétt ríkja yfir landgrunninu, en nú mun viðurkenndur umráðaréttur ríkja yfir hafsbotninum á landgrunninu, hvort heldur er til rannsókna eða nýtingar náttúruauðlinda þar. Hitt er einnig víst, að með staðfastri baráttu sinni í landhelgismálinu áttu Íslendingar drjúgan þátt í þeirri þróun.

Þó að mikið hafi áunnizt með útfærslu landhelginnar, fer því fjarri, að framtidarhagsmunum íslensku þjóðarinnar á því sviði sé þar með fullnægt. Þar er ekki fullur sigur unninn, fyrr en viðurkenndur hefur verið réttur þjóðarinnar yfir fiski-

miðum landgrunnnsins, svo að hún geti sett þær reglur um fiskveiðar þar og friðunar- aðgerðir, sem þörf er á til verndunar fiskstofnum og varnar gegn ofveiði. En það mun nú samdóma álit allra, sem gerst þekkja til, að veiði á uppeldisstöðvum fiskstofnanna á landgrunninu utan núgildandi landhelgislínu gangi langt úr hófi fram. Er þar mikil og alvarleg hættu á ferð, jafnvel svo að lífshagsmunir þjóðarinnar eru í húfi. Nútíma veiðitækni hefur stóraukið þá hættu. Rannsóknir munu sýna, að Íslendingar veiða ekki nema örlítið brot af þeim ungfiski, sem þar er um að ræða.

Það er því orðin brýn og aðkallandi þörf framkvæmda á grundvelli ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4/1961. Það þarf að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu. Undirbúningur þess máls þarf að hefja sem skjótast. Ákvarðanir í því máli þarf að undirbúa vandlega og á svipaðan hátt og landhelgisútfærslan var undirbúin á sínum tíma. Setja þarf kunnáttumenn til að kynna sér mál þessi öll og réttarþróunina sem rækilegast, svo og til að kynna öðrum þjóðum málstað Íslands og stuðla með öllum tiltækum úrræðum að þeirri réttarþróun, sem stefnt er að með framangreindri Alþingis-ályktun. Það er þjóðarnauðsyn, að um mál þetta og allar ákvarðanir sé sem allra mest samstaða stjórnmalaflokkanna og þjóðarinnar allrar. Framgangur málsins er ekki hvað sízt undir því kominn, að um það og þær leiðir, sem ákveðið verður að fara, skapist fullur einhugur innanlands. Þess vegna er hér lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að hafa forustu í þessu máli ásamt ríkisstjórninni. Með því er bezt tryggð samstaða. Allar framkvæmdir verða, eins og áður er sagt, að byggjast á vandlegum undirbúningi. Það þarf að leggja höfuðáherzlu á sérstöðu Íslands í þessu máli. Það þarf að safna saman og hafa tiltæk öll rök fyrir málstað Íslands, hvort heldur eru siðferðislegs, sögulegs, efnahagslegs eða lagalegs eðlis. En höfuðatriðið er, að eins og málum nú er komið, þolir það enga bið, að þegar í stað sé farið að vinna að því með festu og á skipulegan hátt að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu, svo sem stefnt var að með þingsályktuninni frá 1959 og landgrunnslögunum frá 1948. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.